

8
7. febr.

SAMÞYKKT

um

lokunartíma sölubúða í Neskaupstað.

1. gr.

Allar sölubúðir í Neskaupstað, að undanskildum þeim sölubúðum, sem eingöngu verzla með brauð og mjólk, skulu vera lokaðar eftir því sem ákveðið er í annari og fjórðu grein.

2. gr.

Sölubúðir skulu ekki opnaðar fyrir en kl. 9 árdegis.

3. gr.

Sölubúðum skal lokað eigi síðar en kl. 7 að kvöldi alla virka daga ársins. Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 11 síðdegis.

4. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 2. ágúst, og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum, eða annarsstaðar utan sölubúða kaupmanna, nema úr sjálfsöllum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja, nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og skipsforða handa skipum og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum kaupmanna.

6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlanir fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum, 20—500 kr., og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál útaf brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. 8
nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, til að öðlast gildi 1. marz 1929 7. febr.
og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. febrúar 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

REGLUR

fyrir

nemendur hins almenna menntaskóla í Reykjavík.

9
9. febr.

Í skólum ríður mjög á því að höfð sé reglusemi í hvívetna, svo að ekki raskist né truflizt starfsemi skólans. Eru hér á eftir taldar nokkrar þær reglur, sem nauðsynlegt þykir, að nemendur kynni sér og hagi sér eftir.

1. gr.

Skólahúsið er opnað á hverjum morgni kl. 8, en kennslustundir byrja kl. 8,15 og eiga þá allir nemendur að vera komnir í sæti sín, hver í sínum bekk. Kennslustundir standa vanalega til kl. 2,40 síðd. Gefa skal nemendum tómstund, 10 mínútur milli allra kennslustunda, og skulu þeir þá allir ganga úr bekkjunum og nota mínútur þessar sér til hressingar úti undir berum himni, þegar veður leyfir.

Þegar hringt er til inngöngu, eiga nemendur tafarlaust að ganga stillilega hver inn í sinn bekk og setjast í sæti sín. Má enginn nemandi ganga út úr bekk í kennslustund án leyfis, heldur skal hver sitja kyr í sæti sínu, þangað til stundin er úti, og hvorki hafa samræður né gjöra neinskonar óreglu. Ef svo ber við að kennari getur eigi komið í kennslustund, skulu nemendur í þeim bekk hvorki hafa umgang né hávaða, og skal umsjónarmaður bekkjarins hafa gætur á, að eigi sé út af breytt.

Frá kl. 11,45—1 verður hlé á kennslunni, og skulu nemendur nota þann tíma til miðdegisverðar.